

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Jón Kristjánsson

1974

Yfirlit yfir starfsemina 1973

Inngangur.

Eins og áður hefur aðalstarfið beinst að ráðgefandi rannsóknum og reynt hefur verið að bera niður sem víðast. Einnig hefur verið haldið áfram langtímarannsóknum sem aðallega beinast að afkastagetu stöðuvatna og ýmsum þáttum er þar koma við sögu, t.d. náttúrulegri dánartölu, veiðiálagi, afrakstri ofl. Einn liður slíks eru fiskmerkingar. Ný tækni á sviði merkinga hefur gert að verkum að mjög fljótlegt er að festa merkjunum á fiskinn þannig að afkastagetan takmarkast nú aðeins af því hversu auðvelt er að ná í lifandi fisk til merkinganna. Hin nýju merki eru úr plasti, slöngur sem skotið er inn í fiskinn með þar til gerðu áhaldi, (byssu) og þar festist merkið sjálfkrafa. Auðvelt er fyrir tvo menn með eina merkingabyssu að merkja 200 fiska á klukkutíma. Hins vegar getur það tekið 3 - 4 menn marga daga að afla þessara 200 fiska.

Starfsemin

Úthaldsdagar, þ.e. dagafjöldi við gagnasöfnun og annað utan stofnunarinnar urðu samtals 59 og skiptust þannig:

Við rannsóknir á Norðurlandi	12 dagar
" " í Þingvallavatni	7 "
" " " Lárósi	7 "
" " " Meðalfellsvatni	5 "
" " " Apavatni	5 "
" " " Þórisvatni	4 "
" " " Skorradalsvatni	3 "
" " " Djúpavatni	3 "

Samtals: 46 dagar

afgangurinn, 13 dagar skiptust milli verkefna í Elliðavatni, Laugarvatni, Kleifarvatni, Hlíðarvatni, Leirvogsvatni, Hólmavatni og Stóra-Fossvatni.

Merktir voru 1341 silungur með númeruðum merkjum. Fer hér á eftir yfirlit yfir merkingarstaði.

	Bleikja	Urriði
Lárós	190	
Laugarvatn	212	
Meðalfellsvatn	117	168
Apavatn	34	
Djúpavatn	59	
Höfðavatn	57	
Höfðavatn við sjó	10	
Stóra-Fossvatn		42
Þingvallavatn	45	9
Hólmavatn	106	
Elliðavatn	129	2
Andakílsá	147	(sleppiseiði)

Eftirfarandi skýrslur hafa verið gefnar út á árinu:

1. Aldur og vöxtur á urriða og bleikju í Hitarvatni 1972.
2. Heiðarvatni, Mýrdal 1972
3. Aldur og vöxtur á silungi í Svínavatni 1972.
4. Fiskirannsóknir í Meðalfellsvatni 1972. *Fjölrit 8*
5. Rannsóknir á Höfðavatni 1972.
6. Aldur og vöxtur á silungi í Sléttuhlíðarvatni 1972.
7. Fiskifræðileg athugun á nokkrum vötnum á Auðkúluheiði 1972.
8. Fiskifræðileg athugun á Miklavatni í Skagafirði 1973.
9. Fiskifræðilegar athuganir á Þingvallavatni (bráðabingðaskýrsla Flestar hafa einungis verið gefnar út í fáum eintökum og sendar viðkomandi veiðiaðilum, aðrar hafa verið fjölritaðar. Hægt er að fá eintak af þessum skýrslum á Veiðimálaskrifstofunni.

Unnið hefur verið að áætlanagerð um starfsemi Veiðimálafundunarinnar í framtíðinni, haldnir hafa verið fræðslufundir og flutt erindi fyrir áhugamenn auk ýmissa annara smærri verkefna sem of langt yrði upp að telja.